

Norræn ráðstefna um fjarlækningar 13.-16. september 2000

■ ÞRIÐJA NORRÆNA fjarlækningaráðstefnan verður haldin í Kaupmannahöfn dagana 13. til 16. september næstkomandi. Þema ráðstefnunnar er reynsla Norðurlanda af fjarlækningum og hvert stefnir nú (the Nordic experience and beyond).

Ráðstefnan er haldin af Norræna fjarlækningasambandinu með stuðningi Norrænu ráðherranefndarinnar og Rigshospitalet í Kaupmannahöfn.

Ráðstefnan hefst með móttöku á miðvikudeginum 13. september en meginefnið er á fimmtudag, föstudag og laugardag. Seinni part föstudags bjóða Svíar til sérstakrar dagskrár í Lundi.

Helstu viðfangsefni ráðstefnunnar eru yfirlit um fjarlækningar á Norðurlöndum, reynslan af fjarlækningum og mat á þeim ásamt nýjungum í tækni fyrir fjarlækningar. Nánar er sagt frá ráðstefnunni á <http://www.telemedicine.dk>

Norræna lækningaráðið fundar

SÍMENNTUN OG RAFRÆN SKRÁNING VORU meðal þess helsta sem fjallað var um á fundi Norræna lækningaráðsins, sem haldinn var í Visby á Gotlandi dagana 13.-15. júní síðastliðinn. Jón G. Snædal og Hannes Petersen sóttu fundinn af Íslands hálfu.

Símenntun var eitt meginþema fundarins. Sameiginleg yfirlýsing Norrænu læknafélaganna um símenntun hefur verið samþykkt í stjórnnum allra félaganna. Læknafélögin hafa samkvæmt henni tekið að sér að vera í forystu á sviði símenntunar lækna hvert í sínu landi.

Þá var sagt frá rafrænu skráningarformi danskra heimilislækna. Símenntunarpunktur lækna eru skráðir í kerfið og hver læknir getur borið stöðu sína saman við meðaltöl og frávik heildarinnar. Tæpur þriðjungur danskra heimilislækna notar kerfið en þeim fer heldur fjölgandi. Á fundinum var einnig sagt frá skráningarkerfi því sem íslenskir heimilislæknar nota. Reynslan af því er á

margan hátt svipuð reynslu Dana og notkunin álfka mikil.

Á fundinum kom fram verulegur áhugi á málefnum er varða íslenska gagnagrunninn. Þau voru rædd undir liðnum: „Hvað hefur gerst frá því síðast?“. Umræður urðu fjörugar og varð að slíta þeim áður en mælendaskrá tæmdist.

Á fundinum voru kynntar skýrslur frá SNAPS, samstarfshópi sem skoðar og gerir spár um framboð og eftirspurn á læknum. Önnur fjallaði um horfur á vinnumarkaði lækna á Norðurlöndum næstu tvo áratugi en hin um mismunandi áherslur varðandi sérfræðimenntun. Auk þess var rætt um framtíðarhlutverk lækna svo og breytta stöðu lækna gagnvart sjúklingum sínum í upplýsingasamfélagi nútímans. Það verður æ algengara að sjúklingar afli sér gagna á netinu og spyrji upplýstra spurninga. Þetta gerir auknar kröfur til lækna í samskiptahæfni og viðhaldi menntunar í starfi.

Könnun á tölfraeðiþekkingu heilbrigðisstétta

NÝLEGA VORU KYNNTAR niðurstöður könnunar sem heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri stóð fyrir sumarið 1998. Könnunin var gerð samtímis í sex Evrópulöndum og fjallaði um starfsþjálfun heilbrigðisstétta í tölfraedi. Þáttakendur voru frá Englandi, Írlandi, Finnlandi, Belgíu og Grikklandi auk Íslands. Verkefnisstjóri á Íslandi var Hermann Óskarsson.

Markmið rannsóknarinnar var kanna þörf á aukinni tölfraedikunnáttu og þjálfun meðal heilbrigðisstétta. Leitað var eftir svörum við því hvers konar tölfraedikennsla hentaði helst.

Könnunin náði til fagfólks og stjórnenda á heilbrigðissviði. Ákveðið var að hafa könnunina allviðamikla hér á landi. Spurningalistar voru sendir til tíunda hvers starfandi læknis og hjúkrunarfræðings og meira en 40 af hundraði sjúkraþjálfara og iðjuþjálfara. Allir faglegir stjórnendur þriggja stærstu heilbrigðisstofnana landsins fengu sérstakan spurningalista sendan, en þeir

bera ábyrgð á endurmenntun starfamaða hver hjá sinni stofnun. Svörin voru lítil, einungis 28% meðal fagstéttanna en 42% stjórnenda svöruðu. Þrátt fyrir þessa litlu svörin er talið að svörin gefi nokkuð góða vísbendingu um afstöðu þessara stétta til starfsþjálfunar í tölfraedi.

Meginniðurstöður könnunarinnar voru að notkun á tölfraedi yrði vaxandi í framtíðinni. Tölfraeðiþekking og tölfraeðinotkun íslenskra heilbrigðisstétta er í meðallagi miðað við önnur lönd en víðast hvar telja fagstéttir þekkingu sína frekar slaka. Mestur áhugi reyndist á stuttum námskeiðum á vinnustað eða sveigjanlegu fjarnámi. Athygli vakti að aðgangur íslenskra heilbrigðisstétta að netinu er mun almennari en meðaltal þátttökulandanna, 94 á móti 66 af hundraði. Spurt var um netið sérstaklega með notkun þess til miðlunar fræðslu í tölfraedi í huga.

Könnunin var liður í samstarfsverkefni sem styrkt er af Leonardo starfsþjálfunaráætlun Evrópusambandsins.